



## Barkarbjöllur fundnar á Íslandi: Vá fyrir dyrum?

Brynja Hrafnkelsdóttir<sup>1</sup> og Matthías Svavar Alfreðsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Land og skógur (brynja.hrafnkelsdottir@landogskogur.is)

<sup>2</sup>Náttúrufræðistofnun (Matthias.S.Alfredsson@natt.is)

Barkarbjöllur eru mjög fjölbreyttur hópur af ranabjallnaætt og finnast víða um heim. Eins og nafnið gefur til kynna verpa þær í innri lög barkarins. Lirfur þeirra nærast svo á berkinum og mynda í honum göng. Þótt sumar tegundir séu alvarlegir skaðvaldar á trjám lifa margar þeirra eingöngu á dauðum trjáviði. Þessar tegundir geta hraðað fyrir niðurbroti næringarefna og eru fæða fyrir aðrar lífverur.

Nokkrar tegundir barkarbjallna valda þó miklum skaða á lifandi trjám. Fyrir utan tjónið sem barkarbjöllur og lirfur þeirra valda á trjánnum fylgja þeim oft sjúkdómsvaldandi örverur sem geta valdið miklum skaða og leitt trén til dauða. Barkarbjöllur og örverur sem fylgja þeim eru nú eitt alvarlegasta vandamálið sem við er að etja í skógrækt víða um heim, ekki síst á svæðum þar sem tré eru veik fyrir af öðrum ástæðum, til að mynda vegna þurrka.

Í byrjun ársins 2024 hafði engin barkarbjöllutegund verið greind í íslenskum skógum en grunur lék þó á að þær væru orðnar landlægar, þar sem mynd af barkarbjöllu barst Náttúrufræðistofnun 2021. Árið 2024 fundu höfundar þessa fyrirlestrar ummerki eftir barkarbjöllur í þremur skógum á höfuðborgarsvæðinu, en lifandi bjöllur og lirfur fundust í tveimur þeirra. Greinilegt var að bjöllurnar höfðu dreift sér á fundarstöðunum, sem bendir til þess að barkarbjöllur hafi verið hér í einhverjum árum. Ummerki voru á greniviði sem hafði verið felldur og legið í skóginum í nokkurn tíma, en engar bjöllur hafa fundist í lifandi trjám. Ekki er búið að tegundagreina bjöllurnar og því er ekki vitað hvort þetta eru tegundir sem leggjast líka á lifandi tré og hvaða afleiðingar þær muni hafa á íslensk skógarvistkerfi. Því er nauðsynlegt að kortleggja betur útbreiðslu þeirra og vakta vel fundarstaðina til að fylgjast með framvindunni.

